

22.01.2025



Ölgerðin gerir samkomulag um kaup á Gæðabakstri

Ölgerðin hefur undirritað samkomulag um helstu skilmála kaupa á 100% hlut í Gæðabakstri ehf. Fyrirtækið er í 20% eigu Vilhjálms Þorlákssonar framkvæmdastjóra Gæðabaksturs og 80% í eigu Dragsbæk A/S í gegnum dótturfélagið Viska ehf. Heildarvirði viðskiptanna er 3.454 millj. kr. og að frádregnum vaxtaberandi skuldum er áætlað kaupverð félagsins á afhendingardegi um 2.700 millj. kr. Kaupin eru gerð með fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar, endanlega skjalagerð og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Gæðabakstur verður rekið sem sérstakt félag innan samstæðu Ölgerðarinnar og verður Vilhjálmur Þorláksson áfram framkvæmdastjóri. Náist rekstrarmarkmið á næstu tveimur árum eftir kaupin kann kaupverð á hans hluta að hækka um allt að 100 millj. kr.

Gæðabakstur velti 3.357 millj. kr. og skilaði 468 millj. kr. EBITDA á síðasta ári og starfsfólk um 150. Starfsemi félagsins er í eigin húsnæði að Lynghálsi 7 sem er 5.057 fm að stærð auk 3.000 fm byggingaréttar. Fyrirtækið hefur vaxið hratt frá stofnun 1993 og er umfangsmikið í sölu til stórmarkaða, hótela og veitingastaða.

„Við erum afar ánægð með þessi viðskipti, sem eru samkvæmt stefnu Ölgerðarinnar um vöxt félagsins og þau falla vel að kjarnastyrkleika Ölgerðarinnar í vörumerkjauppbyggingu, enda Gæðabakstur með fjölmörg afar vel þekkt vörumerki á innanlandsmarkaði. Þá er ekki síður mikilvægt að hafa tryggt að Vilhjálmur haldi áfram störfum hjá Gæðabakstri. Í þessari viðbót við samstæðu Ölgerðarinnar felast mikil tækifæri, til að mynda í sölu, dreifingu, innkaupum og vöruþróun. Þá munu vörur Gæðabaksturs njóta góðs af öflugri vöruhúsa- og dreifingarmiðstöð Ölgerðarinnar sem rísa mun á Hólmsheiði. Með þessari viðbót verður velta Ölgerðarinnar nálægt 50 milljörðum króna,“ segir **Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar.**

„Það hefur mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að við hófum að framleiða kleinur og kleinuhringi í 69 fm. húsnæði og þessi áfangi er staðfesting á því góða starfi sem hefur verið unnið hjá Gæðabakstri. Við höfum ávallt verið heppin með starfsfólk og auk þess fjárfest skynsamlega í fasteignum og framleiðslutækjum og búum nú vel að miklum mannaúði og húsnæði að Lynghálsi með sterkan rekstrargrundvöll. Ég hlakka til að starfa innan samstæðu Ölgerðarinnar og horfi bjartsýnn til framtíðar,“ segir **Vilhjálmur Þorláksson, framkvæmdastjóri Gæðabaksturs.**

Ráðgjafar Ölgerðarinnar í viðskiptunum eru XAX Advisors og LOGOS.

Nánari upplýsingar veita:

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar andri.thor.gudmundsson@olgerdin.is / 412 8000

Vilhjalmur Þorláksson, framkvæmdastjóri Gæðabaksturs villi@gaedabakstur.is / 545 7000